

Lokaverkefni til B.Ed-prófs

Ljáðu mér orð

Greinargerð með myndrænni orðabók

Hildur Baldursdóttir
Elísabet Valgerður Magnúsdóttir



Kennaraháskóli Íslands
Leikskólabraut

Mái 2007

Lokaverkefni til B.Ed-prófs

Ljáðu mér orð

Greinargerð með myndrænni orðabók

Hildur Baldursdóttir

24094-253

Elísabet Valgerður Magnúsdóttir

101264-4679

Kennaraháskóli Íslands

Leikskólabraut

Mái 2007

Leiðsögukennari Kolbrún Vigfúsdóttir

Formáli

Ljáðu mér orð er lokaverkefni okkar til B.Ed. í leikskólafræðum frá Kennarháskóla Íslands 2007. Verkefnið er í tveim hlutum, annarsvegar greinargerð og hinsvegar myndræn orðabók. Þar eru athafnir skýrðar á móðurmáli barnsins og á íslensku, og þarf að útfæra bókina fyrir hvert einstakt barn. Í greinargerðinni fjöllum við um mikilvægi þess að vel sé staðið að aðlögun barna með annað móðurmál en íslensku þegar þau byrja í leikskóla. Okkur virðist að það sé mjög misjafnt hvernig tekið er á þessum málum, því vildum við leitast við að leggja okkar að mörkum til þess að gera byrjunarferlið auðveldara fyrir börn með annað móðurmál en íslensku. Einnig að fá starfsfólki í hendur tæki til að tengja saman ólíka menningarheima.

Kolbrúnu Vigfúsdóttur leiðsögukennara okkar færum við bestu þakkir fyrir góða leiðsögn.

Bestu þakkir fyrir aðstoð við yfirlestur og stuðning fá:

Guðleifur M Kristmundsson

Rebekka Guðleifsdóttir

Kristín Einarsdóttir

Guðný Hannesdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Fræðileg umfjöllun	6
Fjölbreytileikinn í leikskólastarfinu.....	6
Mikilvægi móðurmálsins	8
Foreldrasamstarf.....	10
Ljáðu mér orð	12
Lokaorð	14
Heimildaskrá	15

Inngangur.

Kveikjan að þessu verkefni er sú staðreynd að börnum með annað móðurmál en íslensku fjölgar stöðugt í íslenskum leikskólum. Til þess að allir þjóðfélagsþegnar eigi sömu möguleika til menntunar og lífsgæða er mikilvægt að markvisst sé unnið að aðlögun barna með annað móðurmál en íslensku strax við upphaf leikskólagöngu.

Víða erlendis hafa verið framkvæmdar rannsóknir, er varða börn með annað móðurmál en talað er í því landi þar sem þau búa. Mörgum ber saman um að til þess að börnum í þessari stöðu vegni vel í námi, þurfi þau að hafa gott vald á móðurmálinu samfara því að læra nýtt tungumál. Það er því mikilvægt að foreldrar leggi rækt við móðurmálið, og virðing sé borin fyrir því í leikskólanum.

Verkefnið er myndræn orðabók sem ætlað er að auðvelda aðlögun, bæði barna og foreldra af erlendum uppruna, í leikskóla. Bókinni fylgir greinargerð þar sem gerð er grein fyrir tildrögum verkefnisins, markmiði og fræðilegum forsendum. Greinargerðin skiptist í eftirfarandi kafla: Fræðileg umfjöllun, fjölbreytileikinn í leikskólastarfinu, mikilvægi móðurmálsins, foreldrasamstarf og Ljáðu mér orð, þar sem fjallað er um notkun orðabókarinnar.

Markmiðið með þessu verkefni er að varpa ljósi á þá þætti sem huga þarf að þegar barn með annað móðurmál en íslensku byrjar í íslenskum leikskóla. Það er von okkar að Ljáðu mér orð geti nýst sem hjálpartæki fyrir alla sem koma að byrjunarferlinu.

Fræðileg umfjöllun

Í aðalnámskrá leikskóla (Menntamálaráðuneytið 1999:7) segir að kappkosta skuli í samvinnu við heimili að efla alhliða þroska í samræmi við þarfir hvers og eins. Þar segir einnig að tvítyngd börn eigi að varðveita menningu sína, tungu og trú en ekkert er kveðið á um hvernig eigi að gera þeim það kleift.

Á undanförnum árum hefur börnum af erlendum uppruna fjölgað í íslenskum leikskólum. Þeim á eflaust eftir að fjölga enn meira í náinni framtíð. Þrátt fyrir þessa þróun virðist sem margir leikskólar hafi ekki skýra stefnu um það hvernig þörfum þessara barna skuli mætt (Hanna Ragnarsdóttir, 2002:51).

Við álitum að sé börnum með annað móðurmál en íslensku gert kleift að falla inn í hópinn, ná félagslegum tengslum, tjá sig á eigin forsendum og verða tvítyngd, standi þau jafnfætis öðrum þjóðfélagsþegnum og njóti virðingar til jafns við aðra. Þessar breytingar á samsetningu barnahópsins kalla á áherslubreytingar í skólustarfinu, sérstaklega á þeim þáttum sem snúa að tungumálinu. Á einni leikskóladeild geta verið börn sem koma úr ólíku málumhverfi, en öll hafa þau sömu þarfir til þess að gera sig skiljanleg og geta skilið það sem fram fer í umhverfinu. Foreldrar íslenskra barna geta verið nokkuð öruggir um að börn þeirra fái þörfum sínum fullnægt, óháð því í hvaða leikskóla þau eru, þótt áhersluþættir leikskólanna séu mismunandi. Það sama ætti að gilda um börn með annað móðurmál en íslensku, leikskólar ættu líka að vera jafn vel í stakk búnir til þess að taka á móti þeim.

Fjölbreytileikinn í leikskólustarfinu.

Í öllum leikskólum ætti að taka á móti börnum af erlendum uppruna með því hugarfari að þau auki á fjölbreytileikann í starfinu og auðgi reynsluheim bæði barna og fullorðinna innan hans (Guðrún Pétursdóttir 1999:38-39). Mikilvægt er að huga strax í leikskóla að traustum grunni barnsins til að fyrirbyggja fordóma og erfiðleika í samskiptum seinna meir, um leið og verið er að auka sjálfstraust og þroska einstaklingsins. Það er mikils virði að íslensku börnin kynnist þeim erlendu og læri venjur þeirra og siði (Hanna Ragnarsdóttir, 2002:7).

Þegar barn af erlendum uppruna bætist í hópinn, er mikilvægt að leikskólakennarinn líti á það sem kærkomið viðfangsefni. Víða kemur fram að afstaða leikskólakennarans til fjölbreytileikans skiptir miklu máli og að hann líti á ólíka menningu barnanna sem góðan kost til þess að auðga starfið.

Til að allir njóti sín í leikskólastarfinu þarf grundvallarviðhorf leikskólans að vera opið fyrir fjölbreytileikanum og virða rétt allra barna til að þroskast, dafna og líða vel. Gæta þarf að því að halda ekki of fast í okkar íslensku hefðir og viðhorf um að hér sé aðeins talað eitt tungumál, trúað á einn guð og íslenska menningarhefð. Þá er hætt við að erlend börn verði útundan og sjálfsmynd þeirra bíði hnekki (Hanna Ragnarsdóttir 2002:28).

Málþroskinn er mikilvægur þroskaþáttur sem leikskólakennaranum ber að sinna. Hann er samofinn öðrum þroskaþáttum barnsins og örvun hans felst í fjölbreyttu starfi í gegnum leik. Væntingar kennarans geta ráðið miklu um hversu góðum árangri börnin ná. Sé tekið mið af móðurmáli þeirra og menningu í skipulagi skólastarfsins öðlast þau sterkari sjálfsmynd og verða fúsari til að segja frá fjölskyldu sinni (Elsa Sigríður Jónsdóttir 2000:103).

Höjgord talar um að þegar barn læri tvö tungumál fyrir þriggja ára aldur sé talað um samhliða máltöku. Sumir halda því fram að barn sem elst upp við tvö tungumál þroskist seinna hvað málnotkun varðar en barn sem elst upp við einungis eitt tungumál. Rannsóknir hafa hins vegar sýnt að þetta er ekki rétt. Þegar tekið er tillit til beggja tungumála virðast tvítyngd börn alls ekki seinni á þessu sviði en eintyngd. Ef barn lærir annað tungumál eftir þriggja ára aldur er talað um stigskipta máltöku. Sýnt hefur verið fram á að barn, sem lærir nýtt tungumál eftir þriggja ára aldur, getur notfært sér kunnáttu í fyrsta málinu, þegar það lærir fleiri tungumál. Börn sem læra annað tungumál ung geta oft talað án hreims, en þetta hafa þau fram yfir fullorðna.

Tvítyngd börn byrja oft að syngja á nýja málinu áður en þau fara að tjá sig á því. Það er eðlilegt að tvítyngd börn blandi tungumálunum saman í upphafi. Með tímanum átta þau sig á því hvað tilheyrir hverju máli fyrir sig. Mikilvægt er að vera meðvitaður um að þetta er eðlileg þróun í máltöku tvítyngdra barna.

Munur er á því að nota tungumálið í daglegum samskiptum, eða vera fær um að hugsa á því. Það tekur yfirleitt tvö ár fyrir barn sem byrjar að læra nýtt mál um fimm ára aldur, að ná valdi á að nýta það til daglegra samskipta. Venjulega tekur það 5-7 ár að ná tökum á að hugsa á því. Þess vegna má ekki hætta að kenna börnum málið þó svo að þau séu fær um að nota það í daglegum samskiptum (Höjgård 1999:206-221).

Það fjölbreytta starf sem unnið er í leikskólum, daglegar athafnir, ásamt leiknum, skapar góð tækifæri til málörvunar. Mikilvægt er að leikskólakennarinn nýti allar aðstæður sem skapast í daglegum venjubundnum athöfnum og gefi sér góðan

tíma til að ræða við börnin og efla þannig málþroska þeirra (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2000:23-24).

Ennfremur kemur fram í grein Önnu Þorbjargar að samtöl séu áhrifamikil leið til að kenna barni málið. Þess vegna er nauðsynlegt að kennarinn grípi hvert tækifæri sem gefst til samræðna við barnið. Þegar barnið sýnir áhuga á málinu, þarf að svara áhuga þess með því að gefa sér tíma til að nýta augnablikið þegar þau vilja og eru tilbúin til þess. Skoðanaskipti og samræður eru lykilatriði. Leikskólakennarinn þarf að vera opinn fyrir því að örva börnin til að skiptast á skoðunum, leita svara og hafa orð á þeim (Anna Þorbjörg, 2000:24-25).

Í dagskipulaginu gefast margar stundir sem henta vel til umræðna. Í fataklefanum gefast tækifæri til að setja orð á athafnir, t.d. ræða heiti fatnaðar og lita. Matartíminn er líka góð stund til að ræða saman, kannski um fuglinn úti eða bara matinn og áhöldin sem við notum til að borða með.

Kolbrún Vigfúsdóttir bendir á að barnið þurfi að skilja tungumálið sem er í umhverfinu, til þess að það hafi örvandi áhrif á málþroska þess. Enn fremur bendir hún á, að niðurstöður rannsókna sýna fram á að börn eru fljótari að læra heiti orða ef þeim fylgja sýnileg ták. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að börnin eru líka að læra tungumálið þegar þau eru að hlusta á samræður félaganna og starfsfólks. Þá er talað um að samræður barns og kennara gefi sterka vísbendingu um reynsluheim barnsins, þroska þess og hvar það er statt í málinu. Samræðurnar eru því mikilvægar þegar starfið með barninu er skipulagt (Kolbrún Vigfúsdóttir 2002:25-26).

Þeir menn sem hafa þekkingu á menntun eru sammála um mikilvægi þess að lagður sé traustur og góður grunnur í upphafi. Það gerir barninu kleift að öðlast sjálfstraust og öryggi, sem er forsenda þess að þroskast og stunda frekara nám (Hanna Ragnarsdóttir 2002:6).

Mikilvægi móðurmálsins

Móðurmálið er ákaflega mikilvægur þáttur í menningu allra þjóða. Sjálfsmýnd barna byggist á þeirri menningu sem þau tilheyra og málinu sem þau tala. Því er mikilvægt að þau upplifi sig þannig að þau tilheyri menningu upprunaþjóðar sinnar og séu jafnframt hluti af þeirri menningu sem þau lifa í, að þau séu þannig hluti af tveimur menningarheimum (Höjgard 1999: 206-221).

Til frekari glöggvunar á mikilvægi móðurmálsins vísum við í grein Erlu Árnadóttur (1995:48-51), þar sem segir að málið sé grunnur þess að við skiljum hver við erum, að

svo miklu leyti sem mögulegt er. Barnið lærir ekki að tala nema það heyri fólk tala, hlusti á málið, nemi blæbrigði, hreiminn og tóninn. Það að lesa fyrir barnið eflir tilfinningu fyrir málinu, eykur orðaforða og hjálpar því að tjá hugsanir sínar með orðum. Móðurmálið er eitt það mikilvægasta sem við eigum og því er mikilvægt að hlúa vel að því.

Viktoria Purcell-Gates komst að því í rannsóknum sínum, að ekkert geti komið í staðinn fyrir það að foreldrar lesi daglega fyrir börnin sín, strax frá unga aldri (Ragnheiður Briem 1996:8-10).

Það er ekki víst að allir foreldrar geri sér grein fyrir mikilvægi bóklesturs, og því er mikilvægt að hvetja þá til þess að sinna þessum mikilvæga þætti. Einnig þarf að hafa hugfast að á sumum menningarsvæðum er ríkari hefð fyrir því að segja sögur en að lesa. Leikskólakennarinn gæti aðstoðað foreldra við að nýta almenningubókasöfn til þess að finna bækur á móðurmáli barnsins.

Í mörgum rannsóknum er talað um mikilvægi þess að styrkja móðurmál tvítyngdra barna. Í eldri rannsókn frá 1992 bendir Grettir Engilbertsson á að móðurmálið gegni lykilhlutverki í sálarlífi og þroska hvers barns, og kunnátta í móðurmálinu sé forsenda annars náms. Nemandi sem nær ekki að þroska móðurmál sitt, sýnir yfirleitt slakan árangur í öðrum tungumálum og námsgreinum. Ennfremur skilgreinir Grettir tvítyngi sem sérstaka tegund tungumálakunnáttu, sem einkennist af því að einstaklingurinn er fær um að beita tveimur tungumálum til fulls í flestum kringumstæðum, túlka og þýða viðstöðulaust á milli þeirra og stunda nám og störf jafnt á báðum málum. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að undirstaða framhaldsnáms barna með annað móðurmál en talað er í landinu sem þau búa í, sé að þau hafi gott vald á að tjá sig á móðurmáli sínu (Grettir Engilbertsson 1992:1).

Þegar börn missa tökin á móðurmálinu og læra eingöngu það nýja geta þau orðið félagslega einangruð gagnvart upprunahópi sínum og jafnvel foreldrum. Það eru einnig líkur á að þeim takist ekki að tileinka sér tungumál meirihlutans vegna þeirra vitsmunalegu takmarkana sem skortur á móðurmálinu hefur í för með sér (Fernandez 2000:159-163).

Hér á landi hefur ungu fólki með annað móðurmál en íslensku ekki vegnað vel í framhaldsskólum og brottfall þess virðist vera nærri 100% úr framhaldsnámi (Elsa Sigríður Jónsdóttir 2000:99).

Í rannsókn Birnu Arnbjörnsdóttur á stöðu nýbúabarna í bandarísku skólakerfi, kemur fram að fræðimenn séu sammála um mikilvægi tvítyngis, eins og það er

skilgreint í grein Grettis frá 1992. Niðurstaða rannsóknar Birnu á lesfærni barna, sem komu til Bandaríkjanna milli 7 og 11 ára aldurs, sýndu að þau börn sem bæði töluðu og lásu á móðurmálinu stóðu sig mun betur í lestri og áttu auðveldara með að skýra huglæg tengsl orða, en þau börn sem ekki höfðu gott vald á móðurmálinu (Ný menntamál 1998:12-17).

Samkvæmt niðurstöðum úr kanadískum og bandarískum rannsóknum, kemur fram að yfirvöld menntamála ættu að leggja áherslu á, að tvítyngdum nemendum sé gert kleift að leggja rækt við eigið móðurmál, samhliða því að tileinka sér annað tungumál. Rökin voru helst þau að með því móti gætu hinir tvítyngdu notið raunverulegs ávinnings af tvítyngi sínu í stað þess að glíma við þá erfiðleika sem eru því samfara að móðurmálskunnáttan byggist ekki á traustum grunni og kunnáttu á nýja málinu er brotakennd (Steingrímur Þórðarson 2001).

Heimsmynd tvítyngdra er önnur en þeirra sem hafa eitt tungumál, því hverju tungumáli fylgir menningarheimur, fjölbreytileiki í mannlífi og menningu sem gefur okkur víðsýni. Börn með annað móðurmál en talað er í því landi sem þau búa í eiga rétt á námsumhverfi við sitt hæfi til að þroskast (Þórdís Gísladóttir 1999:36).

Oneyda M. Paneque (2006), fjallar um mikilvægi þess að viðhalda móðurmálinu. Hún bendir á mikilvægi þess að börn geti haldið nánnum tengslum við foreldra, ömmur, afa og aðra ættingja. Það er mjög mikilvægt að eldri kynslóðin geti miðlað af sinni reynslu og þekkingu til afkomenda sinna. Tvítyngi tengir saman tvo menningarheima því tungumálið er samofað menningu þeirra sem tala það. Rannsóknir (Cummings 2000, Thomas og Collier 1997) leiddu í ljós að besta forspá um góðan námsárangur barna með annað móðurmál en talað er í landinu sem þau búa í, er að þau hafi fullkomið vald á móðurmálinu. Þrátt fyrir að nýtt tungumál virðist rugla börnin er það eðlilegt í byrjun og er aldrei varanlegt. Tvítyngi orsakar hvorki seinkun í málþroska né tilfinningaþroska. Jafnvel börn með þroskafrávik verða tvítyngd ef þau alast upp í þannig umhverfi ((Baca og Cervantes, 2004) Paneque, 2006).

Foreldrasamstarf

Góð samvinna við foreldra er lykillinn að því að vel takist til og öll börn, hvaða móðurmál sem þau hafa, njóti góðs af þeim menningarlega fjölbreytileika sem boðið er upp á (Riley Jeni 2006:209).

Til þess að skapa góð samskipti milli foreldra og barna þarf leikskólastarfsfólk strax við upphaf leikskólagöngu að leggja allt kapp á að koma á góðum samskiptum

við foreldra barnsins og fjölskyldu. Leikskólinn þarf að afla upplýsinga um heimilismenningu barnsins, helstu siði og venjur fjölskyldunnar og hvaða væntingar foreldrar hafa til leikskólans. Foreldrar þurfa að fá upplýsingar um leikskólann, starfsfólk og þá uppeldisstefnu sem unnið er eftir. Innflytjendur eru misvel á vegi staddir í íslensku, sumir skilja lítið sem ekkert og í þeim tilfellum eiga þeir rétt á túlkþjónustu.

Mikilvægt er að starfsfólk leikskólans ræði við foreldra um gildi móðurmálsins fyrir máltöku barnsins, bæði fyrsta og annars tungumáls. Leikskólinn getur hvatt foreldrana og stutt þá í þessu verkefni, en það getur einungis verið á valdi foreldra og fjölskyldu að styrkja móðurmál barnsins (Riley Jeni 2006:209).

Í þróunarverkefni Lækjarborgar frá árinu 2004 kemur fram að samstarf milli foreldra og leikskóla skiptir miklu máli fyrir velferð barna af erlendum uppruna. Í þróunarverkefninu bauð starfsfólk leikskólans upp á að fyrsta viðtalið færi fram heima hjá barninu. Alltaf voru tveir starfsmenn í fyrsta viðtalinu, annar lék við barnið og sinnti því á meðan á viðtalinu stóð. Tilgangurinn með þessu er sá að foreldrar finni strax áhuga leikskólans á barninu og því umhverfi sem það kemur úr. Þetta gafst mjög vel og er orðinn fastur þáttur í starfsemi Lækjarborgar.

Gera þarf foreldrum ljóst á móðurmáli þeirra að leikskólanum sé fengur að því að þau miðli honum af reynslu sinni.

Það er fyrst og fremst á ábyrgð starfsfólks hvernig til tekst með samskiptin, og því nauðsynlegt að sýna þolinmæði og skilning. Margir innflytjendur hafa enga hugmynd um til hvers er ætlast af þeim þegar barnið byrjar í leikskóla. Í sumum samfélögum þykir alls ekki við hæfi að foreldrarnir taki á einhvern hátt þátt í starfi skólans. Auk þess eru leikskólar eins og við þekkjum þá ekki til staðar allstaðar í heiminum og viðhorf til uppeldis barna er ólíkt eftir menningarheimum.

Leikskólastarfið byggist á alhliða velferð barnsins og er því samofið lífi þess jafnt innan skólans sem utan. Það þarf að vera vakandi fyrir framförum hjá börnunum, því ef illa gengur getur það verið vísbending um að foreldrar hafi ekki haldið við notkun móðurmálsins, heldur farið að tala íslensku heima í þeirri trú að það sé betra fyrir barnið. Þetta getur orsakað óöryggi og torveldað barninu að tjá sig. Þá er mikilvægt að grípa inn í, og gera foreldrum ljóst mikilvægi þess að tala móðurmálið við barnið, og að það skili sér í því að barninu gangi betur í leikskólanum (Hanna Ragnarsdóttir 2002:74).

Ljáðu mér orð

Ljáðu mér orð er myndræn orðabók og hugsuð sem hjálpartæki til þess að auðvelda fyrstu samskipti starfsfólks og barna með annað móðurmál en íslensku og auðvelda börnunum að aðlagast nýjum aðstæðum. Einnig getur bókin verið hjálpartæki fyrir börnin til að eiga samskipti hvert við annað.

Bókin er notuð þannig að strax í byrjun aðlögunar eru teknar myndir af barninu við þær athafnir sem tilgreindar eru í bókinni, myndirnar síðan settar inn og bókin prentuð. Þá er bókin kynnt fyrir barninu með því að framkvæma þær athafnir sem sjást á myndunum. Til þess að bókin þjóni sem bestum tilgangi er mikilvægt að fá foreldrana til samvinnu við að setja inn heiti athafnanna á móðurmáli barnsins. Þátttaka foreldranna við gerð bókarinnar gerir þá virkari þátttakendur í aðlögunarferlinu og eflir þar með foreldrasamvinnuna. Séu foreldrarnir óöryggir, þarf að fá túlk þeim til aðstoðar. Tilgangurinn með að hafa móðurmál barnsins með í bókinni er sá að það getur veitt barninu öryggiskennd og auðveldað því að skynja nýja málið sem viðbót við móðurmálið en ekki eitthvað sem kemur í staðinn fyrir það. Kennarinn þarf að skýra fyrir barnahópnum að sú reynsla sem hver einstaklingur innan hópsins býr yfir sé gullið tækifæri til þess að gera samanburð á því sem er líkt og ólíkt með mismunandi tungumálum og menningu. Gera þarf börnunum ljóst að með því að koma inn í nýtt málumhverfi fái þau aðgang að nýrri upplifun til viðbótar því sem þau þekkja. Ennfremur að móðurmálið sitt komi þau alltaf til með að eiga og deila með sínum nánustu (Riley Jeni 2006:217).

Bókin á að vera í leikskólanum og þarf að vera sýnileg, þannig að bæði starfsfólk og íslenskumælandi börn geti skoðað hana með barninu og á þann hátt látið í ljós áhuga á móðurmáli barnsins. Í bókinni eru myndir með og án texta. Meta þarf í hverju tilviki fyrir sig hvað myndir eru nýttar. Ávalt þarf að hafa í huga að reynsluheimur barnanna er mjög mismunandi og sum hafa jafnvel komið til landsins sem flóttamenn. Mikilvægt er að leikskólakennarar og annað starfsfólk leikskólans leggi sig fram við að læra að segja og rita nafn barnsins rétt. Nöfn eru mjög persónuleg hjá öllum svo það er niðurlægjandi ef barn er kallað röngu nafni (Faust 1998:63).

Faust bendir á að börn séu dugleg að leika sér og nái að tjá sig í gegnum leikinn og setja sig í spor annarra. Þetta er barninu mikils virði því það lærir best þegar það notar málið í aðstæðum sem eru eðlilegar. Leikurinn er góð leið fyrir börn sem eru að læra tungumál, því þar geta þau prófað sig áfram í málinu og þurfa ekki að hræðast að

gera mistök. Á leikskólaaldrinum eru börnin að átta sig á heiminum, læra á tilfinningar sínar og öðlast meiri kunnáttu. Þetta læra þau í gegnum leikinn og næma umönnun. Þau eru að læra að bera virðingu fyrir menningu og tungumálum með því að umgangast börn frá öðrum menningarheimum í leikskólanum. Því meiri þekkingu sem við höfum á þessu, þeim mun betur tekst okkur að sýna virðingu og skilning (Faust 1998:75).

Faust segir einnig að börn læri best þegar:

- ❖ þeim líður vel, eru virt, hafa sjálftraust og finna sig sem jafningja hinna í hópnum
- ❖ þeim finnst gaman og hafa áhuga á viðfangsefninu
- ❖ lítið er á þau sem jafningja í hópnum og er hjálpað eins og öðrum börnum.

Lokaorð

Þar sem hverju barni er mikilvægt að hafa gott vald á móðurmálinu, þarf að setja fram skýr markmið og leiðir um það hvernig börnum með annað móðurmál en íslensku er gert kleift að styrkja móðurmálið samhliða því að ná tökum á íslenskunni. Gera þarf það efni sem til er um þetta málefni aðgengilegra fyrir alla leikskóla og setja fram hugmyndir til að nýta það. Við lítum svo á að ef stjórnvöld settu sér það markmið, að öll börn með annað móðurmál en íslensku verði tvítyngd, væri þeim tryggðir sömu möguleikar til menntunar og öðrum þjóðfélagsþegnum. Það er sorgleg staðreynd hversu hátt hlutfall nemenda með annað móðurmál en íslensku hverfur frá framhaldsnámi.

Grunnurinn er lagður í leikskólanum og því getur það skipt sköpum fyrir framtíðarhorfur barnsins að þar eigi sér stað hnitmiðað og vel ígrundað starf.

Það er einlæg ósk okkar að Ljáðu mér orð auðveldi einhverjum börnum með annað móðurmál en íslensku, að stíga fyrstu skrefin í nýjum leikskóla.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. 2000. Íslenska í leikskóla. *Skíma* 23/2:23-27.

Birna Arnbjörnsdóttir. 1998. Hver er tilgangur nýbúafræðslu?

Ný menntamál 16(1): 12-17.

Elsa Sigríður Jónsdóttir. 2000. Tvítýngd leikskólabörn. *Uppeldi og menntun* 9:95-109.

Erla Árnadóttir. 1995. Viltu lesa fyrir mig? *Skíma* 1:48-51.

Faust, H og Smidt, S. 1998. 'I know Lots Languages' Young bilingual children (1) 5-7.

The early years. A reader :60-77. Ritsstjóri Sandra Smidt Routledge, London.

Fernandes, Roy Ceferino. 2000. *No Hablo Inglés: Bilingualism and multiculturalism in preschool setting. Early Childhood Education Journal* 27 (3):159-163.

Grettir Engilbertson. 1992. Tvítýngi og málkennsla erlendra barna.

Ný menntamál 10:1.

Guðrún Pétursdóttir. 1999. Fjölmenningarleg kennsla. *Fjölmenningarleg kennsla: Forvörn gegn kynþáttahatri og fordómum*:38-39. Endurskoðuð útgáfa. Guðrún Pétursdóttir, Reykjavík.

Hanna Ragnarsdóttir. 2002. Markvisst leikskólastarf í fjölmenningarlegu samfélagi. *Uppeldi og menntun* 11:51-80.

Højgård, Anne. 1999. Å vokse opp med mer enn ett språk. *Barna språkutvikling muntlig og skriftlig*, 5:206-221. Oslo, Universitetsforlaget.

Kolbrún Vigfúsdóttir 2002. *Því læra börnin að það er fyrir þeim haft*. Rannsókn á málumhverfi í leikskóla með tilliti til barna sem eiga annað móðurmál en íslensku:25-26. Meistaraprófsverkefni við Kennaraháskóla Íslands. Reykjavík.

Leikskólinn Lækjarborg. 2004. *Fjölmenningarstarf í leikskóla*. Af þróunarverkefni og rannsókn. Lokaskýrsla.

Oneyda M Paneque. 2006. Good Intentions, Bad Advice for Bilingual Families. *Childhood Education*. Olney: Spring 2006.vol. 82, Iss. 3:171-175.
<http://proquest.umi.com/pqdweb?> [Sótt 7.3.2007].

Ragnheiður Briem.1996. Fyrstu skref í móðurmálskennslu ungra barna. *Skíma* 2:8-10.

Steingrímur Þórðarson. 2001. Þjóðir og tungumál. *Alfræði íslenskrar tungu*.
Ritstjórar, Þórunn Blöndal og Heimir Pálsson. Lýðveldissjóður/Námsgagnastofnun,
Reykjavík. [Margmiðlunardiskur.]

Þórdís Gísladóttir. 1999. Tvítýngi, fjársjóður, ekki fötlun. *Morgunblaðið*, 30.des.